

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 909 (6.6.2019) - Fjármögnun framkvæmda og rekstrarform Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses.

Málsnúmer : 201810099
Málsaðili : Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 06.06.2019

Inngangur : Jón Ingi Sveinsson vék af fundi undir þessum lið kl. 08:17.

Með fundarboði fylgdu upplýsingar um samskipti sveitarstjóra, fyrir hönd Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses, við Íbúðalánasjóð, Lánasjóð sveitarfélaga vegna fjármögnunar framkvæmda Leiguíbúðanna. Fyrir liggur að Lánasjóður sveitarfélaga lánar ekki til hses félaga. Einnig liggur fyrir að vegna stofnframlags frá Ríkinu er ekki hægt að taka félagið úr rekstrarforminu hses nema endurgreiða stofnframlagið. Þá lagði sveitarstjóri fram mat KPMG á lántöku fyrir félagið.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir með 2 atkvæðum að fela sviðsstjóra fjármála-og stjórnsýslusviðs að óska eftir láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir aðalsjóð sem nemur lánsþörf Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses. Á móti yrði gerð krafa á Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses í reikningum sveitarfélagsins.

Jón Ingi Sveinsson greiðir ekki atkvæði vegna vanhæfis.